

Tillaga um skilmálabreytingu á skuldabréfaflokksnum IH 140647

Með tilkynningu Íslandshótela hf. („Íslandshótel“, „félagið“, eða „útgefandi“), dagsettri þann 16. nóvember 2021, er boðað til fundar skuldabréfaeigenda IH 140647 („skuldabréfin“), þar sem lögð verður til breyting á skilmálum skuldabréfanna. Verður fundur skuldabréfaeigenda haldinn þann 1. desember klukkan 9:00 2021 á Grand hótél Reykjavík, Sigtúni 28, í fundarherberginu Útgarður („fundurinn“).

Fyrir fundinn verður eftirfarandi tillaga lögð fyrir skuldabréfaeigendur um breytingu á skilmálum skuldabréfaflokksins IH 140647 („tillagan“).

1. Breyting á skilmálum skuldabréfanna um sérstök skilyrði

Í skilmálum skuldabréfanna um sérstök skilyrði, staflíð b, er eftirfarandi ákvæði:

Fjárhagsleg skilyrði: Útgefandi skuldbindur sig til þess að hlíta neðangreindum skilyrðum sem skulu taka mið af rekstri og efnahagi samstæðunnar:

- I. **Takmörkuð skuldsetning:** Vaxtaberandi skuldir sem hlutfall af rekstrarhagnaði (EBITDA) skal ekki vera hærra en sjö á hverju tólf mánaða tímabili.
- II. **Eiginfjárvöð:** Eiginfjárhlutfall án óefnislegra eigna skal á hverjum prófunardegi vera 20% eða hærra.

Prófunardagur: Allar framangreindar fjármálakvaðir skulu reiknast af útgefanda tvisvar sinnum á ári. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi og rekstrarliðir við undangengna 12 mánuði frá uppgjörssdegi. Prófunardagur skal vera eigi síðar en 2 vikum eftir undirritun ársreiknings annars vegar og 6 mánaða uppgjörs hins vegar. Fyrsti prófunardagur tekur mið af ársuppgjöri ársins 2017. Útgefandi skal senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan 2ja vikna frá prófunardegi. Eftirlitsaðili skal skila skýrslu sinni eigi síðar en 2 vikum þaðan í frá.

Með skilmálabreytingu skuldabréfanna, samþykktari á fundi skuldabréfaeigenda þann 28. ágúst 2020, voru samþykktar undanþágur frá þeim fjárhagslegu skilyrðum sem sett eru í staflíðum I. og II. á tímabilinu frá 28. ágúst 2020 til og með 30. júní 2021. Þá samþykktu skuldabréfaeigendur einnig að þeir myndu ekki krefjast gjaldfellingar eða grípa til annarra samningsbundinna úrræða gagnvart útgefanda samkvæmt skilmálum skuldabréfanna á sama tímabili.

Útgefandi leggur til að skuldabréfaeigendur samþykki frekari undanþágur frá framangreindum fjárhagslegum skilmálum, þannig að veitt verði undanþága frá þeim fjárhagslegu skilyrðum sem sett eru í staflíðum I. og II. á tímabilinu frá og með 30. júní 2021 til og með 30. júní 2022. Þá leggur útgefandi til að skuldabréfaeigendur samþykki einnig að þeir muni ekki krefjast gjaldfellingar eða grípa til annarra samningsbundinna úrræða gagnvart útgefanda samkvæmt skilmálum skuldabréfanna um fjárhagsleg skilyrði á sama tímabili. Frá 30. júní 2022 skal útgefandi aftur standast fjárhagsleg skilyrði samkvæmt skuldabréfunum á ný, nema að fengnu nýju samþykki

skuldabréfaeigenda um undanþágu frá skilyrðunum. Fjárhagsleg skilyrði skulu því aftur vera uppfyllt frá og með prófunardeginum 31. desember 2022.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna telst tillagan samþykkt hafi 90% þeirra skuldabréfaeigenda sem til fundarins mæta miðað við fjárhæð veitt samþykki sitt og miðast atkvæðisréttur við fjárhæð.

Greinargerð

Heimsfaraldur Covid-19 hefur haft veruleg áhrif á ferðaþjónustuna um heim allan og markast afkoma og rekstur Íslandshótela af þeim aðstæðum og óvissu sem ríkir vegna faraldursins. Í kjölfar fyrstu bylgju faraldursins greip félagið til umfangsmikilla ráðstafana til að bregðast við erfiðum ytri aðstæðum, bæði í formi almenns kostnaðaraðhalds, fækkunar starfsmanna, nýtingar á úrræðum stjórnvalda og markaðssetningu innanlands til að mæta þeim veruleika sem félagið stóð frammi fyrir. Þá aflaði félagið sér fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum, þ.m.t. í formi framlengingar lánssamninga, breytinga á greiðsluferli og undanþága frá fjárhagslegum skilmálum, auk breytinga á greiðsluferli skuldabréfanna, til að tryggja rekstur félagsins og skapa sveigjanleika til að grípa þau tækifæri sem talið var að myndu skapast þegar ríkt hefist.

Segja má að þó afleiðingar heimsfaraldursins hafi verið miklar og þungar fyrir rekstur félagsins, urðu þær ekki eins og svörtustu sviðsmyndir gáfu til kynna. Réðst það bæði af öflugri markaðssókn á innanlandsmarkaði, aðgerðum stjórnvalda og innri aðgerðum félagsins til að mæta áhrifum faraldursins. Er nú svo komið að félagið telur sig sjá út úr storminum og hefur hafið afborganir af fjármögnun sinni á ný. En þrátt fyrir betri stöðu í rekstri og ytra umhverfi er hins vegar ljóst að fjárhagslegir skilmálar skuldabréfanna, sem horfa til sögulegs reksturs og efnahags, verða litaðir af því ástandi sem ríkt hefur.

Með tillögunni fer útgefandi þess á leit við skuldabréfaeigendur að þeir veiti félaginu undanþágu frá fjárhagslegum skilmálum til næstu 12 mánaða, eða fram á sumarið 2022, en við það tímamark telur félagið að jafnvægi verið komið á ný í rekstur og efnahag þess. Má þess sérstaklega geta að þessar tilslakanir eru sambærilegar þeim viðskiptabanki þess hefur þegar veitt.